

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 143/214**  
**komudagur 14.11.2013**

Reykjavík, 14. nóvember 2013

Óskað hefur verið umsagnar Krabbameinsfélags Íslands við tillögu til þingsályktunar nr. 28 – 28. mál sem lögð er fram á 143. löggjafarþingi 2013 – 2014 (tp. dags. 6.nóv. 2013). Krabbameinsfélagið þakkar fyrir að fá tækifæri til að kynna sjónarmið sín í þessu efni.

Krabbameinsfélagið fagnar annars vegar áformum um viðtækt forvarnarstarf vegna krabbameins í blöðruhálskirtli, sem felist fyrst og fremst í miðlun upplýsinga um ýmsa þætti sjúkdómsins, og hins vegar því að þessi miðlun skuli skipulögð í viðtækri samvinnu margra aðila.

1. Krabbameinsfélagið hefur á undanförnum fimm árum rekið árvekni- og fjáröflunarátakið Mottumars-karlmenn og krabbamein, sem mun vera eitt öflugasta árvekniverkefni sem rekið er hér á landi. Í mars ár hvert hefur Krabbameinsfélagið þannig leitast við að koma á framfæri mikilvægum skilaboðum til karla, og hefur verið lögð áhersla á algengustu kabbameinin, ekki síst mein í blöðruhálskirtli. Að auki hefur Krabbameinsfélagið staðið fyrir ráðgjafarþjónustu og fræðslu um þetta efni allt árið, og notið góðs samstarfs við marga aðila til að ná sem mestum árangri. Mjög margt er samt óunnið í þessu efni. Við erum reiðubúin til þess að halda þessu starfi áfram með öllum þeim, sem nefndir eru í þingsályktunartillögunni.
2. Í greinargerð með frumvarpinu er fyrst og fremst fjallað um *greiningu* krabbameins í blöðruhálskirtli, og um möguleika á hópleit að því með PSA mælingum. Þar segir réttilega, að „ekki hafi verið talið tímabært að framkvæma hópleitir vegna krabbameins í blöðruhálskirtli.“ Því miður er ekki grundvöllur fyrir slíkri leit enn sem komið er. Embætti landlknis sendi frá sér yfirlýsingu um það efni á síðasta ári (sjá hjál. <http://www.landlaeknir.is/utgefid-efni/skjal/item14249/Yfirlýsing-vegna-PSA-maelinga-og-krabbameins-i-blodruhalskirtli>), sem byggðist á sjónarmiðum þeirra sérfræðigreina læknisfræðinnar sem fjalla mest um þennan sjúkdóm. Afar mikilvægt er að gæta réttinda þeirra karla, sem láta mæla hjá sér PSA. Skylt er að láta þá vita að um 70% karla á aldrinum 60 til 79 ára eru með krabbamein í blöðruhálskirtli, en aðeins lítill hluti þeirra meina mundi valda skaða ef ekkert væri gert. Vandinn er að greina þarna á milli, þ.e. krabbameina sem valda munu skaða og þeirra, sem ekki munu gera það. Hættan er sú að PSA mæling verði túlkuð sem skýrari vísbending um að hætta sé á ferðum en raun ber vitni, og einstaklingurinn gangist undir erfiða meðferð. Vaxandi

áhersla virðist nú víða lögð á þessi réttindi til upplýsinga. Krabbameinsfélagið, sem hefur mikla reynslu af lýðgrunduðum skimunum, fylgist með framvindunni og er reiðubúið til að leggja af mörkum þegar möguleikar opnast til að hefja lýðgrundaða leit að sjúkdómnum. Þangað til einbeitum við okkur að öðrum forvarnaraðgerðum.

3. Krabbameinsfélagið hefur á undanförunum árum lagt áherslu á það við heilbrigðisyfirvöld, að sett verði á laggirnar „skimunarráð“ sérfróðra fagmanna sem veiti heilbrigðisyfirvöldum ráðgjöf m.a. um forgangsröðun hópleita að krabbameinum (sbr. t.d. sóttvarnarráð). Þetta ráð tæki einning til umfjöllunar fyrirkomulag hópleita, umfang þeirra og jafnvel aðferðir. Það er okkur því sérstakt ánægjuefni að undir lok greinargerðar með ofangreindri tillögu til þingsályktunar segir: „Það er þó mikilvægt að farið sé reglulega yfir forsendur af þar til bærum aðilum, enda er mikil reynsla héraendis af skimun vegna legháls- og brjóstakrabbameina hjá konum, sem skilað hefur góðum árangri.“ Krabbameinsfélagið hvetur Alþingi til að tryggja að slíku ráði verði komið á laggirnar, til að tryggja að forgangsröðun verkefna verði í samræmi við bestu fánlega þekkingu á hverjum tíma.

Virðingarfyllst,



forstjóri Krabbameinsfélags Íslands